

Fundargerð

11. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 27. nóvember 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Eiríkur Mörk Valsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerðir

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engin rafræn erindi samþykkt milli funda. Fundargerð síðustu funda frestað.

2. Uppskeruhátíð FRÍ

Uppskeruhátíðarhópur gerði grein fyrir störfum. Rætt um niðurstöðu. Rætt um samlegð við formannafundinn 23.11 og hvernig atburðirnir runnu saman. Opna formannafundinn ennfrekar með þjálfurum, stjórnarfólki, keppendum. Rætt um útnefningar m.a. afreksstig eða mikilvægi. Rætt um að festa þessa helgi í sessi m.t.t. Silfurleika ÍR.

3. Afreksstefna FRÍ – Tillaga unglínganefndar

Rætt um tillögu um val keppenda. Stjórn vísaði tillögunni til skrifstofu FRÍ til frekari vinnslu, en samþykkti tillöguna.

4. RIG 2019

Drög að tímaseðli lögð fram. Farið yfir skipulag. RIG nefnd heldur áfram störfum.

5. Dómaramál

Rætt um dómaramál. Ákveðið að taka skrefin fram á við. Námskeiðahald rætt og ákveðið að skoða stöðuna á Norðurlöndum.

6. Fræðslumál

Mikil þörf fyrir námskeið sem hentar þjálfurum sem eru að byrja. Umræður. Formanni FRÍ falið að hafa samband við fræðslunefnd.

7. Önnur mál

a. Þjóðarleikvangur í Laugardal. Rætt um starfshópinn. Dropinn holar steininn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:04 með að Guðmundur sýndi gamlar sleggjur.

Ritun fundargerðar: Íris Berg Bryde.